

Alþingi
Erindi nr. P 131/1666
komudagur 27. 4. 2005



Samgöngunefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008, 721. mál.
Umsögn Samtaka um betri byggð.

Það er mat Samtaka um betri byggð að í SAMGÖNGUÁÆTLUN beri að miða við arðsemi framkvæmda þegar verkefnum í samgöngum er forgangsraðað. Því telja samtökin ótækt að einungis um 20% af fé til nýframkvæmda í vegagerð komi í hlut sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og innan við 10% í hlut Reykjavíkur.

Samtök um betri byggð telja að gera eigi sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu kleift að yfirtaka stofnbrautir innan sveitarfélagamarka sinna svo fljótt sem auðið er (VIÐAUKI I).

Samtök um betri byggð telja að falla beri frá áformum samgönguyfirvalda um byggingu samgöngumiðstöðar í Vatnsmýri.

Það er mat Samtaka um betri byggð að metnað skorti í markmiði SAMGÖNGUÁÆTLUNAR um öryggi í samgöngum. Samtökin telja að óvída eða hvergi séu framlög til samgöngumála jafn arðsöm og til útrýmingar svartbletta í vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu og í Landnámi Ingólfs (KAFLI 5).

Samtök um betri byggð leggja til að markmið SAMGÖNGUÁÆTLUNAR verði bætt.

I Almenn samgönguverkefni

1.2 Markmið um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.

Verkefni

d. Þróað verði líkan til að meta arðsemi vegaf framkvæmda með faglegum og gagnsæjum hætti. Arðsemi ráði röð framkvæmda.

e. Skoðaðir verði kostir þess að sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar, þar sem það á við, verði gert kleift að taka yfir stofnbrautir innan sveitarfélagamarka sinna, með faglegri og fjárhagslegri ábyrgð og tilheyrandi tekjustofnum.

1.3 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Verkefni

c. Stuðlað verði að rannsóknum á fylgni þéttingar byggðar og umhverfisvænni og öruggari samgöngum á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum þéttbýlissvæðum.

1.4 Markmið um öryggi í samgöngum

Verkefni

d. Stefnt verði að því að Ísland verði aftur í fremstu röð í umferðaröryggismálum í heiminum árið 2008 (miðað við fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa).


Samtök um betri byggð gera athugasemdir við umferðaröryggisáætlun í 5. kafla.


Í kafla 5 í SAMGÖNGUÁÆTLUN er fjallað um umferðaröryggismál á afar ágripskenndan hátt. Það er miður þar sem heitið hafði verið ítarlegri umferðaröryggisáætlun, svipaðri þeirri, sem áður gildi, að viðbættri fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Jákvætt er að nú fæst 150 milljón króna viðbótarfjármagn í málaflokkinn. Það viðbótarfjármagn nægir þó engan veginn til að uppfylla sett markmið, til þess þyrfti a.m.k. 300 milljónir króna á ári.

Samtök um betri byggð telja það miður að framlög til eyðingar svartbletta fari einungis til staða utan Suðvesturlands, þar sem arðsemi af eyðingu svartbletta er þó lang mest.

Reykjavík 26.04.2005,

F.h. stjórnar Samtaka um betri byggð


Guðrún Þónsdóttir, formaður


Örn Sigurðsson, ritari

VIÐAUKI 1 Yfirtaka stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu



VIÐAUKI I

YFIRTAKA STOFNBRAUTA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

1.0 TILLAGA:

Samtök um betri byggð leggja til að 8 sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar, þar sem það á við, verði gert kleift að taka yfir stofnbrautir innan sveitarfélagamarka sinna, t.d. með sambærilegum hætti og þegar sveitarfélög tóku yfir rekstur grunnskólastigsins og málefni fatlaðra, með faglegri og fjárhagslegri ábyrgð og tilheyrandi tekjustofnum.

Um er að ræða svo nefnda þjóðvegi í þéttbýli, sem nú eru byggðir og reknir á kostnað og ábyrgð Vegagerðar ríkisins.

2.0 RÖKSTUÐNINGUR:

2.1 Betri nýting fjármuna

Samtök um betri byggð telja víst að almenna reglan um minni fjarlægð milli ákvarðanatöku og neytanda auki kostnaðarvitund, ábyrgð og skilvirkni í sjálfu sér. Helstu hagræðingar- og sparnaðarmöguleikarnir felast þó í sameiningu rekstrareininga og í samræmingu á skipulagi, forgangsröðun, tímasetningu og útfærslu framkvæmda.

2.2 Skilvirkari uppbygging, viðhald og rekstur mannvirkja

Samtök um betri byggð telja eðlilegt að sveitarfélögin 8 komi á fót sameiginlegri gatnamálastofnun. Samtökin telja ljóst að slík stofnun geti náð mun hagstæðari samningum, en nú er kleift, við verktaka og þjónustuaðila um uppbyggingu, viðhald og rekstur umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

2.3 Betri lausnir í umferðarskipulagi þéttbýlis

Ljóst er að sameiginleg gatnamálastofnun verður mun betur í stakk búin en núverandi veghaldarar til að sérhæfa sig í þeim umferðarlausnum, sem hæfa höfuðborg 21. aldar. Fjöldmörg, nýleg umferðarmannvirki og áætlanir á höfuðborgarsvæðinu sýna svo ekki verður um villst að ekki verður haldið lengra á núverandi braut.

2.4 Jákvæð áhrif á heildarskipulag höfuðborgarsvæðisins

Þó sameining sveitarfélaganna sé ekki á döfinni hefur samvinna þeirra færst á nýtt stig með vinnu að sameiginlegu svæðisskipulagi. Talið er að á næstu 20 árum þurfi að leggja um 60 - 100 milljarða króna í nýjar stofnbrautir og önnur meiri háttar umferðarmannvirki á höfuðborgarsvæðinu og er mikils um vert að þeim fjármunum verði vel varið. Samtök um betri byggð telja að fullt forræði sveitarfélaganna yfir stofnbrautunum sé mikilvæg forsenda þess að unnt verði að stemma stigu við neikvæðum áhrifum af vítahring bílasamfélagsins og að stöðva megi stjórnlausa útpenslu byggðarinnar.

2.5 Réttlátari skipting framkvæmdafjár

Höfuðborgarbúar, sem eru nú um 2/3 landsmanna, geta ekki liðið það lengur að fá í sinn hlut minna en þriðjung framkvæmdafjár. Samtök um betri byggð telja löngu tímabært að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu sameinist nú um að taka með festu á skiptingu framkvæmdafjár.

2.6 Jákvæð samlegðaráhrif í samstarfi sveitarfélaganna

Átta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa í æ ríkari mæli tekið upp náið samstarf í mörgum málaflokkum þar sem sameiginlegir hagsmunir eru augljósir. Þessi sveitarfélög búa í sameiningu yfir mikilli þekkingu og nægilega öflugum innviðum til að taka fulla ábyrgð á þessum málaflokki, sem snertir mikilverðustu hagsmuni þeirra allra. Samtök um betri byggð telja einsýnt að með sameiginlegri yfirtöku á svo mikilvægum og umfangsmiklum málaflokki skapist skilyrði fyrir auknu samstarfi á mörgum öðrum sviðum.

2.7 Eðlileg samskipti við landsstjórnina

Samtök um betri byggð telja að með þessari skipulagsbreytingu skapist skilyrði fyrir bættum samskiptum ríkis og höfuðborgar.

3.0 GREINARGERÐ:

Samtök um betri byggð telja það mikilvægt réttlætismál að þessi stjórnkerfisbreyting nái sem fyrst fram að ganga. Sanngirni krefst þess að horfið verði frá viðvarandi mismunun undangenginna áratuga við forgangsroðun framkvæmda og skiptingu sameiginlegra fjármuna. Frá miðri 20. öld hefur í síauknum mæli verið beitt geðþótta og handstýringu við úthlutun vegafjár og annars framkvæmdafjár á kostnað ört vaxandi byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Uppsafnaður vandi þar er nú orðinn gríðarlegur.

Vandinn birtist 185.000 íbúum höfuðborgarsvæðisins ma. daglega í síauknum umferðartöfum, streitu, óhöppum, heilsutjóni og slysum. Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er beinlínis reiknað með að þetta ófremdarástand haldi áfram að versna út skipulagstímabilið til ársins 2024, að afkastageta gatnakerfisins minnki, meðalhraði umferðar lækki og tímasóun og

bifreiðakostnaður allra vegfarenda aukist verulega frá því sem nú er, langt umfram áætlaða fjölgun íbúa.

Sú stjórnkerfisbreyting, sem hér er mælt með, leiðir til einfaldari og skilvirkari verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga og til aukins sjálfsforræðis þeirra síðarnefndu.

Hún er í fullu samræmi við anda Ríó-sáttmálans og við þá stefnu stjórnvalda að færa ábyrgð og þjónustu nær notendum. Hún leiðir til mikillar hagræðingar, betri nýtingar fjármuna og til aukinna gæða við skipulag, byggingu og viðhald umferðarmannvirkja. Á höfuðborgarsvæðinu er nú þegar fjöldi umferðarmannvirkja, sem eru vanhugsuð, illa hönnuð, óskilvirk, dýr og landfrek, þar sem arðsemi er lág og þar sem beitt er dreifbýlislausnum, sem eiga ekkert erindi inn í þetta borgarbyggð.

Þessi stjórnkerfisbreyting gerir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu kleift að koma upp sameiginlegri gatnamálastofnun, sem sérhæfir sig í borgarlausnum í skipulagi og gatnagerð. Kerfisbreytingin mun hafa jákvæð samlegðaráhrif í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hún mun losa samfélagið við neikvæð áhrifi af annarlegum sjónarmiðum samgönguyfirvalda landstjórnarinnar, sem nú birtast m.a. í ótækum skipulags- og umferðarlausnum við þverun Kleppsvíkur og við færslu Hringbrautar.

Reykjavík, 26.04.2005,

Stjórn Samtaka um betri byggð.